



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010
Endurskoðun: 3.1
Dags.: 11. janúar 2017

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **AIR FRESHENER**

1.2. Tilgreind notkun Loftfrískari.

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 515 1000

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar
CLP-FLOKKUN Eldf. úði 1; H222, H229

2.2. Merkingaratriði



Hættumerki

Viðvörðunarorð

Hættusetningar (CLP)

Varnaðarsetningar (CLP)

Hætta
H222 – Úðabrúsi með afar eldfimum efnum.
H229 – Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun.
P210 – Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
P211 – Má ekki úða á opinn eld eða annan íkveikjuvald.
P251 – Ekki má gata eða brenna brúsa jafnvel þótt þeir séu tómir.
P271 – Notið eingöngu utandyra eða í vel loftræstu rými.
P410+P412 – Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50°C.
P501 – Fargið innihaldi/íláti í samræmi við gildandi lög og reglur.

2.3. Aðrar hættur

PBT/vPvB

Hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Efnisþáttur	Efnakenni	Magn %	CLP-flokkun
Vetniskolefnisdrifefni	CAS# 68476-85-7 EINECS# 270-704-2	30-60	Eldf. loftt. 1; H220 Loftt. u. þrýst.; H280
Etylalkóhól	CAS# 64-17-5 EINECS# 200-578-6 REACH# 01-2119457610-43	1-5	Eldf. vökvi 2; H225 Augnert. 2; H319
Natríumnítrít	CAS# 7632-00-0 EINECS# 231-555-9 REACH# 01-2119471836-27	<1	Eldf. fast efni 3; H272 Bráð eit. 3; H301 Augnert. 2; H319 Bráð eit. á vatn. 1; H400

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun

Færið viðkomandi í ferskt loft. Haldið heitum og látið hvílast í stellingu sem léttir öndun.

Eftir snertingu við augu Skolið strax með miklu vatni. Fjarlægjið snertilinsur og skolið opin augu með vatni í a.m.k. 15 mínútur. Leitið lækni ef óþægindi vara.

Eftir snertingu við húð Þvoið húðina með vatni og sápu. Leitið lækni ef óþægindi vara.

Eftir inntöku Skolið munninn með vatni. EKKI framkalla uppköst. Leitið lækni ef óþægindi vara.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Innöndun Hósti, andþyngsli.

Inntaka Getur valdið óþægindum.

Snerting við húð Langvarandi snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Snerting við augu Getur valdið óþægindum.

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Meðhöndlun Meðhöndlið einkenni.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Froða, koltvísýringur eða slökkviduft.

Óviðeigandi Vatn undir þrýstingi.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Sérstök hættu Afar eldfimur úði. Þrýstihylki: getur sprungið við upphitun.

Myndefni við bruna Kolefnisoxíð, vetniskolefni.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Hlíðarbúnaður Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með öndunargrímu sem hylur allt andlitið og stillt á yfirþrýsting. Fatnaður (þ.m.t. hjálmar, skór og hanskar) sem uppfyllir skilyrði EN 469 veita grunnvörn í tilviki efnaleka. Kælið nálæg ílát með vatnsúða.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNIR FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir Notið persónuhlífar. Sjá 8. lið. Varist snertingu við húð, augu og fatnað. Varist innöndun gufu. Tryggið næga loftræstingu. Snertið hvorki né gangið á leka. Ef umbúðir rofna, sýnið aðgát, þar sem innihald og drifefni losna hratt úr brúsanum. Varist beina snertingu við áhöld og hluti sem hafa óhreinkast af efninu. Þvoið ykkur vandlega eftir meðhöndlun leka.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Losið ekki í niðurföll, vatnsfarvegi eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir Fjarlægjið alla íkveikjugjafa. Tryggið næga loftræstingu. Safnið með ídrægu efni og setjið í viðeigandi ílát til förgunar. Merkið og fargið hjá viðurkenndri móttökustöð í samræmi við gildandi reglur. Skolið svæðið með vatni.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir Sjá liði 8 og 13.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ráðstafanir Notið ráðlagðar persónuhlífar, sjá 8. lið. Varist snertingu við húð, augu og fatnað. Andið ekki inn gufu/úða. Tryggið næga loftræstingu. Notið aðeins í vel loftræstu rými. Haldið fjarri hita, heitum flötum, neistum, opnum eldi og öðrum íkveikjuvöldum. Reykingar bannaðar. Haldið fjarri hita hærri en 50°C. Gatið hvorki né brennið, jafnvel þótt ílát séu tóm. Þvoið ykkur vel eftir meðhöndlun.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika

Geymsla Geymið við 4-40°C. Geymið fjarri hita eða íkveikjuvöldum. Reykið ekki.

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun Loftfriskari.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk á vinnustað

Efni	8 klst. TWA	Skammtíma	Heimild
Vetniskolefnisdrifefni	1750 mg/m ³	2180 mg/m ³	EH40
Etýlalkóhól	1920 mg/m ³	-	EH40

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Persónuhlífar skulu uppfylla viðeigandi staðla, vera í góðu standi og vel við haldið. Leita skal ráða hjá birgi við val á persónuhlífum að teknu tilliti til viðeigandi staðla (EN14042). Staðlar eru tilgreindir innan sviga.

Hreinlæti

Þvoið hendur eftir meðhöndlun.

Til hlífðar augum

Notið efnaþolin öryggisglæraugu ef hætta er á snertingu (EN166).

Til hlífðar húð

Notkun hlífðarfatnaðar er góð vinnuregla. Val á hlífðarfatnaði skal byggja á eðli verks og hættum sem því fylgja. Vinnugallar úr pólýester/bómull veita aðeins vörn gegn minniháttar slettum. Vinnugalla skal þvo reglulega.

Til hlífðar höndum

Notið efnaþolna hanska (EN374), með a.m.k. fjögurra klukkutíma gegnþrengingartíma. Flestir hanskar veita aðeins vörn í skamman tíma áður en þeim þarf að skipta út. Skiptið um leið og vart verður við slit. Ráðlagt efni: Nítrílgúmmí.

Til hlífðar öndun

Notið öndunarhlífar við myndun gufu eða úða.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Ástand	Úði
Litur	Hvítur/ljós
Lykt	Ilmefni
Leysni	Ýranlegt í vatni

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engar hættur þekktar.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt við venjulegt hitastig og ráðlagða notkun og geymslu.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg fjöllíðun/efnahvörf Óákvarðað.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Hiti, eldur og aðrir íkveikjuvaldar.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Eldfim efni.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Við hitaniðurbrot: Kolefnisoxíð.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Innöndun	Hósti, andþygslí.
Augu	Getur valdið óþægindum.
Inntaka	Getur valdið óþægindum.
Húð	Langvarandi snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Eiturhrif Ekki talið skaðlegt umhverfinu.

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki Talið lífbrjótanlegt.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Safnast ekki upp.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Að hluta leysanlegt í vatni og getur dreift í vatnsumhverfi. Inniheldur rokgjörn, lífræn efni sem gufa auðveldlega upp á hvers kyns yfirborði.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Efnið er ekki eða inniheldur ekki PBT- eða vPvB-efni yfir 0,1%.

12.6. Önnur váhrif

Váhrif Óákvarðað.

13. ATRIÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun Fargið hjá viðurkenndri móttökustöð í samræmi við gildandi lög og reglur.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

14.1. UN-númer

ADR/RID UN 1950

14.2. Rétt UN-sendingarheiti

UN-sendingarheiti

ADR/RID AEROSOLS

IMDG AEROSOLS

ICAO/IATA-DGR AEROSOLS

14.3. Hættuflokkur eða –flokkar vegna flutninga

ADR/RID/ADN/IMDG/ICAO 2.1

Pökkunarhópur 5F. Flutningar á „takmörkuðu magni“ samkvæmt 3.4. ADR möguleg.

Gangakóði D

Takmarkað magn 1L

EmS F-D, S-U

Hættulegt umhverfinu Nei

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggismat Ekkert efnaöryggismat.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar
H220 – Afar eldfim lofttegund.
H222 – Úðabrusi með afar eldfimum efnum.
H225 – Mjög eldfimur vökvi og gufa.
H229 – Þrýstihylki: getur sprungið við upphitun.
H272 – Getur aukið bruna, eldmyndandi (oxandi).
H301 – Eitrað við inntöku.
H319 – Veldur alvarlegri augnertingu.
H400 – Mjög eitrað lífi í vatni.

Skammstafanir
ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum.
Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.

ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum .
Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.

DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.

IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.

PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.

PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.

REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.

TWA: Tímavegið meðaltal.

vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

WEL: Váhrifamörk á vinnustað.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun 11. janúar 2015.

Endurskoðun nr. 3.1

Gert þann 30. ágúst 2017.

Þýðing og uppsetning Reynir Hjálmarsson

Heimild Arrow Solutions, sales@arrowchem.com.